

október 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um íslensk vegabréf nr. 270 14. apríl 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. september 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Arnar Þór Jónsson.

27. september 1999

Nr. 625

REGLUR

um útgáfu vegabréfa til íslenskra ríkisborgara erlendis.

I. KAFLI

Útgáfa vegabréfa.

1. gr.

Útlendingaeftirlitið annast útgáfu almennra vegabréfa til íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis.

Þegar sérstaklega stendur á gefa íslensk sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur (sendistofnanir) út vegabréf til bráðabirgða (neyðarvegabréf) til íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis. Utanríkisráðuneytið ákveður hvaða sendistofnanir hafa heimild til útgáfu slíkra vegabréfa.

II. KAFLI

Umsókn um vegabréf.

2. gr.

Íslenskar sendistofnanir afhenda eyðublöð fyrir umsóknir um vegabréf til íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis. Þeim skulu fylgja leiðbeiningar um frágang þeirra.

Íslenskar sendistofnanir taka við umsóknum um almenn vegabréf og neyðarvegabréf, en þær taka ekki við umsóknum um ferðaskilríki fyrir flóttamenn, vegabréf fyrir útlendinga eða hópvegabréf.

3. gr.

Starfsmenn íslenskra sendistofnana skulu votta undirritun umsækjanda á umsóknar-eyðublaði, sem ljósmynd af umsækjanda er fest við, enda sanni hann deili á sér.

Sendistofnanir skulu framsenda útlendingaeftirlitinu umsóknir um vegabréf, fylgigögn og greiðslu fyrir útgáfu vegabréfsins og öðrum kostnaði svo fljótt sem unnt er.

Þegar sérstaklega stendur á getur íslenskt sendiráð, fastanefnd eða sendiráðisskrifstofa (sendiskrifstofa) heimilað að starfsmenn sendistofnana annarra norrænna ríkja, lögbókandi í viðkomandi landi eða annar opinber aðili, sem til þess er bær samkvæmt lögum viðkomandi ríkis, votti undirritun umsækjanda á umsóknareyðublaði um vegabréf, enda framsendi vottunaraðilinn sendiskrifstofunni umsóknina.

III. KAFLI

Gildistími vegabréfa, skil þeirra o.fl.

4. gr.

Sendistofnunum Íslands er heimilt að framlengja gildistíma almenns vegabréfs sem runnið hefur út á síðustu 12 mánuðum, eða sem renna mun út innan skamms tíma, ef ekki er unnt að gefa út nýtt vegabréf í tæka tíð.

Vegabréf skal framlengt með áritun þar um. Þó má aldrei framlengja vegabréf til lengri tíma en eins árs.

5. gr.

Um gjöld fyrir útgáfu vegabréfa fer samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs hverju sinni. Gjöld vegna póstsendingar- og bankakostnaðar við útgáfu vegabréfa skulu ákveðin í reglugerð um embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

IV. KAFLI

Gildistaka o.fl.

6. gr.

Við útgáfu vegabréfa og móttöku og meðferð umsókna um vegabréf skal að öðru leyti en að framan greinir beita ákvæðum reglugerðar um íslensk vegabréf eftir því sem við á.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 18. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971, sbr. 1. gr. laga um vegabréf nr. 136/1998, reglugerðar um íslensk vegabréf og 2. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 300/1999 um útgáfu vegabréfa til íslenskra ríkisborgara erlendis.

Utanríkisráðuneytinu, 27. september 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

REGLUR

um diplómátísk vegabréf og þjónustuvegabréf.

I. KAFLI

Útgáfa vegabréfa.

1. gr.

Útlendingaeftirlitið annast útgáfu diplómátískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

2. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið diplómátísk vegabréf:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrrverandi forsetar Íslands.
3. Forsetar Alþingis.
4. Hæstaréttardómarar.
5. Ráðherrar.
6. Biskupinn yfir Íslandi.
7. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar skv. 1.-5. flokki 8. gr. laga nr. 39/1971 og þeir aðrir starfsmenn hennar og venslamenn sem reglur ráðuneytisins kveða á um.
8. Ráðuneytisstjórar.
9. Umboðsmaður Alþingis.
10. Ríkisendurskoðandi.